

YFIRKJÖRSTJÓRN SUÐURKJÖRDÆMIS

SEM KJÖRIN VAR AF ALÞINGI 8. DAG FEBRÚARMÁNAÐAR 2018

11. fundur yfirkjörstjórnar

Haldinn í húsakynnum Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi laugardaginn 25. september 2021 kl. 08:00. Gengið er til kosninga til Alþingis í dag.

Mætt voru:

Pórir Haraldsson, formaður,
Sigrún G. Bates, varaformaður,
Unnar Steinn Bjarndal, ritari,
Sigrún Þórarinsdóttir,
Jónas Höskuldsson, og
Jóhanna Njálsdóttir.

Gengið var til dagskrár kl. 08:00

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 10. fundar yfirkjörstjórnar var samþykkt og undirrituð í lok síðasta fundar.

Gengið hefur verið frá öðrum fundargerðum inn í fundargerðarbók og hafa þær verið samþykktar og undirritaðar.

2. Alþingiskosningar, kjördagur og fyrirkomulag talningar

Formaður fór yfir fyrirbyggjandi verkefni dagsins og fjallaði um hlutverk yfirkjörstjórnar. Formaður fjallaði um ýmsa þjónustu sem yfirkjörstjórn veitir kjördeildum kjördæmisins, móttöku og skráningu undankjörfundaratkvæða og hvernig staðið er að undirbúningi flokkunar og talningar.

Kl. 08:10 Hafist er handa við að flokka utankjörfundaratkvæði sem borist hafa til yfirkjörstjórnar. Starfsmenn yfirkjörstjórnar munu aka utankjörfundaratkvæðum í kjördeildir síðar í dag.

Kl. 09:00 Mætti Sævar Öfjörð Magnússon, starfsmaður yfirkjörstjórnar, sem mun starfa náið með yfirkjörstjórn og sinna verkstjórn við talningu atkvæða.

Kl. 11:05 Kjörsókn í Suðurkjördæmi er sem hér segir kl. 11:00:

Kjörstjórn	Kj.skr.	11:00	%
------------	---------	-------	---

Hornafjörður	1508	92	6,10%
Skaftárhreppur	348	21	6,03%
Mýrdalshreppur	325	45	13,85%
Vestmannaeyjar	3.067	147	4,79%
Rangárping eystra	1199	119	9,92%
Rangárping ytra	1.179	130	11,03%
Ásahreppur	152	0	
Sveitarfélagið Árborg	7.511	689	9,17%
Flóahreppur	483	42	8,70%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	412	49	11,89%
Hrunamannahreppur	513	68	13,26%
Bláskógabyggð	652	46	7,06%
Grímsnes- og Grafningshreppur	365	40	10,96%
Hveragerði	2.182	178	8,16%
Sveitarfélagið Ölfus	1.542	118	7,65%
Grindavík	2.137	132	6,18%
Suðurnesjabær	2263	136	6,01%
Reykjanesbær	11.706	590	5,04%
Sveitarfélagið Vogar	870	54	6,21%
	38.414	2.696	7,02%

Kl. 15:05 Kjörsókn í Suðurkjördæmi er sem hér segir kl. 15:00:

Kjörstjórn	Kj.skr.	15:00	%
Hornafjörður	1508	483	32,03%
Skaftárhreppur	348	151	43,39%
Mýrdalshreppur	325	134	41,23%
Vestmannaeyjar	3.067	964	31,43%
Rangárping eystra	1199	405	33,78%
Rangárping ytra	1.179	505	42,83%
Ásahreppur	152	75	49,34%
Sveitarfélagið Árborg	7.511	2575	34,28%
Flóahreppur	483	192	39,75%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	412	175	42,48%
Hrunamannahreppur	513	216	42,11%

Bláskógabyggð	652	253	38,80%
Grímsnes- og Grafningshreppur	365	133	36,44%
Hveragerði	2.182	758	34,74%
Sveitarfélagið Ölfus	1.542	510	33,07%
Grindavík	2.137	622	29,11%
Suðurnesjabær	2263	691	30,53%
Reykjanesbær	11.706	3082	26,33%
Sveitarfélagið Vogar	870	262	30,11%

38.414 12.186 31,72%

Kl. 16:35 Fundur yfirkjörstjórnar með umboðsmönnum framboðslista Formaður bauð umboðsmenn velkomna og vék að hlutverki yfirkjörstjórnar og hluverki umboðsmanna. Þá vék hann að takmörkunum sem rekja má til Covid-19 faraldurs. Umboðsmönnum er markað ákveðið svæði og þess óskað að umboðsmenn haldi sig þar, en gefi sig fram við yfirkjörstjórn eða starfsfólk yfirkjörstjórnar ef þeir vilja gera athugasemdir við framkvæmdina eða kanna eitthvað sérstaklega. Það er því miður ekki hægt að tryggja eins meters reglu í talningasal. Stefnt er að því að loka talningasal um kl. 18:45 – 19:00 og verður hann lokaður til kl. 22:00. Fyrstu tölur verða gefnar upp fljótlega eftir að talningarsalur er opnaður á ný, en þær verða gefnar upp án þess að búið verði að taka afstöðu til vafaatkvæða. Formaður kynnti heimildir umboðsmanna til að gera ágreining um úrskurð yfirkjörstjórnar um vafaatkvæði og hvað verður um slíkan ágreining. Fordæmi sem verða til eftir fyrsta úrskurð yfirkjörstjórnar verða svo notuð til að skera úr um vafaatkvæði við talningu. Formaður sagði frá miklum fjölda utankjörfundaratkvæða og að það muni líklega tefja kjörstjórnir við uppgjör og frágang við lok kjörfundar í kvöld. Formaður sagði umboðsmönnum frá því að þeir hafi heimild til að kanna frágang kjörkassa og innsigli. Um er að ræða sjónskoðun og umboðsmenn eru beðnir um að vera ekki að handfjatla kjörkassa eða kjörgögn en gefa sig fram við yfirkjörstjórn ef þeir hafa athugasemdir við frágang kjörkassa eða innsigli. Fundi yfirkjörstjórnar með umboðsmönnum slitið kl. 16:47.

Mætingalisti umboðsmanna framboðslista

Að loknum fundi yfirkjörstjórnar með umboðsmönnum framboðslista undirrituðu umboðsmenn mætingalista þar sem skráð var hvenær umboðsmenn mættu til starfa og hvenær þeir yfirgáfu talningarstað.

M-listi Miðflokksins

Einar G. Harðarsson, mættur 16:29, farinn 16:55

V-listi Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs

Þorsteinn Ólafsson, mættur 16:30, farinn 07:04

Valgeir Bjarnason, mættur 16:30, farinn 07:04

S-listi Samfylkingarinnar

Soffía Sigurðardóttir, mætt 18:00, farin 07:03

D-listi Sjálfstæðisflokksins

Friðrik Sigurbjörnsson, mættur 16:25, farinn 07:10

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, mættur 01:30, farinn 07:15

F-listi Flokks fólksins

Inga Helga Fredriksen, mætt 16:35, farin 07:04

C-listi Viðreisnar

Sigurður Steinar Ásgeirsson, mættur 16:30, farinn 05:40

Halldór Rósmundur Guðjónsson, mættur 16:30, farinn 05:40

B-listi Framsóknarflokksins

Jón Vilhjálmsson, mættur 16:30, farinn 01:30

Guðmundur Búason, mættur 16:30, farinn 07:01

Kl. 18:00 Starfsmenn yfirkjörstjórnar við talningu og aðstoð við yfirkjörstjórn mæta á talningarstað en haldið er utan um mætingu þeirra og unnar vinnustundir í þar til gerðu verkbókaldsskjali.

Kl. 18:04 Komið hefur fram ábending um að netsamband sé ekki nægilega gott í öllum kjördeildum í kjördæminu. Ef notast á við tækni, eins og skanna vegna rafræna skilríkja, sem byggir á 4G eða þráðlausu neti þá þarf að tryggja áreiðanleika netsambands. Ef það er ekki gert samhliða því að ný tækni er tekin í notkun er ljóst að erfitt er að tryggja að tæknin nýtist í öllum kjördeildum.

Kl. 18:05 Kjörsókn í Suðurkjördæmi er sem hér segir kl. 18:00:

Kjörstjórn	Kj.skr.	18:00	%
Hornafjörður	1508	700	46,42%
Skaftárhreppur	348	197	56,61%
Mýrdalshreppur	325	180	55,38%

Vestmannaeyjar	3.067	1508	49,17%
Rangárþing eystra	1199	711	59,30%
Rangárþing ytra	1.179	695	58,95%
Ásahreppur	152	104	68,42%
Sveitarfélagið Árborg	7.511	4013	53,43%
Flóahreppur	483	307	63,56%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	412	249	60,44%
Hrunamannahreppur	513	291	56,73%
Bláskógabyggð	652	363	55,67%
Grímsnes- og Grafningshreppur	365	185	50,68%
Hveragerði	2.182	1204	55,18%
Sveitarfélagið Ölfus	1.542	830	53,83%
Grindavík	2.137	1036	48,48%
Suðurnesjabær	2263	1105	48,83%
Reykjanesbær	11.706	5160	44,08%
Sveitarfélagið Vogar	870	455	52,30%
	38.414	19.293	50,22%

18:50 Formaður fundaði með talningafólki, yfirkjörstjórn og starfsfólki yfirkjörstjórnar, að viðstöddum umboðsmönnum. Fór hann yfir helstu áherslur og verklag við flokkun kjörseðla og undirbúning talningar. Að svo búnu afhenti talningafólk yfirkjörstjórn símtæki og snjallúr, en þessir munir verða í vörslu yfirkjörstjórnar á meðan talningafólk verður á bakvið luktur dyr.

Kl. 19:00 Umboðsmenn framboðslista hafa skoðað þá kjörkassa sem komnir eru í talningaherbergi og gengið úr skugga um frágang þeirra og innsigli. Gera þeir engar athugasemdir við kjörkassana og frágang þeirra.

Kl. 19:08 Talningaherbergi er lokað. Sævar Öfjörð Magnússon, starfsmaður yfirkjörstjórnar stýrir undirbúningi og flokkun atkvæða og fulltrúi yfirkjörstjórnar í talningaherbergi er Sigrún G. Bates. Talningaherbergi er læst og dyra gætir lögregluþjónn. Talningaherbergi verður opnað á ný kl. 22:00.

Kl. 20:05 Kjörsókn í Suðurkjördæmi er sem hér segir kl. 20:00:

Kjörstjórn	Kj.skr.	20:00	%
Hornafjörður	1508	820	54,38%
Skaftárhreppur	348	213	61,21%
Mýrdalshreppur	325	204	62,77%
Vestmannaeyjar	3.067	1764	57,52%
Rangárping eystra	1199	818	68,22%
Rangárping ytra	1.179	776	65,82%
Ásahreppur	152	106	69,74%
Sveitarfélagið Árborg	7.511	4731	62,99%
Flóahreppur	483	346	71,64%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	412	271	65,78%
Hrunamannahreppur	513	342	66,67%
Bláskógabyggð	652	414	63,50%
Grímsnes- og Grafningshreppur	365	209	57,26%
Hveragerði	2.182	1410	64,62%
Sveitarfélagið Ölfus	1.542	1005	65,18%
Grindavík	2.137	1255	58,73%
Suðurnesjabær	2263	1362	60,19%
Reykjanesbær	11.706	6406	54,72%
Sveitarfélagið Vogar	870	541	62,18%

38.414 22.993 59,86%

Kl. 22:19 Fyrstu tölur í Suðurkjördæmi kunngjörðar:

Talin hafa verið 7.070 atkvæði	
Auðir seðlar:	104
og aðrir ógildir seðlar	4
<i>Atkvæðin skiptast þannig:</i>	
Framsóknarflokkurinn (B)	1.509 atkvæði
Viðreisn (C)	444 atkvæði
Sjálfstæðisflokkurinn (D)	1.833 atkvæði
Flokkur fólksins (F)	990 atkvæði
Sósíalistaflokkur Íslands (S)	274 atkvæði
Miðflokkurinn (M)	440 atkvæði

Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn (O)	22 atkvæði
Píratar (P)	378 atkvæði
Samfylkingin (S)	543 atkvæði
Vinstri græn (V)	526 atkvæði

Kl. 22:50 Yfirkjörstjórn tók til úrskurðar 8 vafaatkvæði. Umboðsmönnum á talningarstað var gefinn kostur á að vera viðstaddir yfirferð og úrskurð yfirkjörstjórnar.

Áður en yfirkjörstjórn tók vafaatkvæðin til úrskurðar var þeim framboðslistum sem ekki höfðu umboðsmenn á staðnum tilnefndir umboðsmenn, sbr. 2. mgr. 98. gr. laga um kosningar til alþingis:

Álfheiður Tryggvadóttir var tilnefnd umboðsmaður P-lista Pírata
Guðrún Tryggvadóttir var tilnefnd umboðsmaður J-lista Sósíalistasflokks Íslands
Ingunn Gunnarsdóttir var tilnefnd umboðsmaður O-lista Frjálslynda lýðræðisflokksins
Ingunn Guðjónsdóttir var tilnefnd umboðsmaður M-lista Miðflokksins

Af hálfu umboðsmanna voru engar athugasemdir gerðar við eftirfarandi einróma niðurstöðu yfirkjörstjórnar:

Alls voru 7 atkvæði úrskurðuð ógild og 1 atkvæði autt.

Umboðsmönnum var tilkynnt að verkstjórar í talningu muni eftirleiðis miða við þau fordæmi sem gefin voru í yfirferð framangreindra vafaatkvæða. Engar athugasemdir voru gerðar við það af hálfu umboðsmanna.

Kl. 01:19 Aðrar tölur í Suðurkjördæmi kunngjörðar:

Talin hafa verið 12.967 atkvæði	
Auðir seðlar:	206
og aðrir ógildir seðlar	23
<i>Atkvæðin skiptast þannig:</i>	
Framsóknarflokkurinn (B)	3.165 atkvæði
Viðreisn (C)	729 atkvæði
Sjálfstæðisflokkurinn (D)	3.237 atkvæði
Flokkur fólksins (F)	1.678 atkvæði

Sósíalistaflokkur Íslands (S)	437 atkvæði
Miðflokkurinn (M)	879 atkvæði
Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn (O)	81 atkvæði
Píratar (P)	633 atkvæði
Samfylkingin (S)	951 atkvæði
Vinstri græn (V)	948 atkvæði

Kl. 01:35 Yfirkjörstjórn tók til úrskurðar 10 vafautankjörfundaratkvæði sem bárust frá kjördeild. Umboðsmönnum á talningarstað var gefinn kostur á að vera viðstaddir yfirferð og úrskurð yfirkjörstjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar við eftirfarandi einróma niðurstöðu yfirkjörstjórnar:

Alls voru 5 atkvæði úrskurðuð ógild og 5 atkvæði gild.

Þá tók yfirkjörstjórn til úrskurðar 5 vafaatkvæði úr talningu. Umboðsmönnum á talningarstað var gefinn kostur á að vera viðstaddir yfirferð og úrskurð yfirkjörstjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar við eftirfarandi einróma niðurstöðu yfirkjörstjórnar:

Alls voru 3 atkvæði úrskurðuð ógild og 2 atkvæði gild.

02:07 Við yfirferð yfirkjörstjórnar á kjörgögnum sem bárust frá I. kjördeild í Vestmannaeyjum kom í ljós að nokkuð vantaði upp á að frágangur væri fullnægjandi. Nokkur óreiða var á kjörgögnum og voru nokkur hundruð ónotaðir kjörseðlar í poka sem hafði verið settur utan um kjörkassa. Þá vantaði lykil að kjörkassa. Frágangur þessi er aðfinnsluverður og mun yfirkjörstjórn koma athugasemdum á framfæri við kjörstjórn í Vestmannaeyjum.

Kl. 04:00 Yfirkjörstjórn hefur sent utankjörfundaratkvæði, sem borist hafa til hennar á kjördag, eins fljótt og verða má í kjördeildir þar sem viðkomandi kjósendur eru með kosningarétt. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og hefur fjölmörgum utankjörfundaratkvæðum verið komið til skila með þessum hætti á kjördag.

Alls hefur yfirkjörstjórn nú 116 utankjörfundaratkvæði sem ekki var hægt að koma til skila í kjördeildir og voru þau nú talin eftir að yfirkjörstjórn hafði fært viðeigandi breytingar inn í kjörskrár viðkomandi sveitarfélaga.

Kl. 05:30 Þriðju tölur í Suðurkjördæmi kunngjörðar:

Talin hafa verið 25.009 atkvæði	
Auðir seðlar:	432
og aðrir ógildir seðlar	43
<i>Atkvæðin skiptast þannig:</i>	
Framsóknarflokkurinn (B)	5.907 atkvæði
Viðreisn (C)	1.513 atkvæði
Sjálfstæðisflokkurinn (D)	5.965 atkvæði
Flokkur fólksins (F)	3.232 atkvæði
Sósíalistaflokkur Íslands (S)	930 atkvæði
Miðflokkurinn (M)	1.797 atkvæði
Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn (O)	152 atkvæði
Píratar (P)	1.352 atkvæði
Samfylkingin (S)	1.877 atkvæði
Vinstri græn (V)	1.809 atkvæði

Kl. 06:50 Yfirkjörstjórn tók til úrskurðar 20 vafatkvæði. Umboðsmönnum framboðslista var gefinn kostur á að vera viðstaddir yfirferð og úrskurð yfirkjörstjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar við eftirfarandi einróma niðurstöðu yfirkjörstjórnar:

*1 kjörseðill var úrskurðaður auður
12 kjörseðlar voru úrskurðaðir ógildir
7 kjörseðlar voru úrskurðaðir gildir*

Kl. 07:01 Lokatölur í Suðurkjördæmi kunngjörðar:

Talin hafa verið 30.381 atkvæði	
Auðir seðlar:	595
og aðrir ógildir seðlar	73
<i>Atkvæðin skiptast þannig:</i>	
Framsóknarflokkurinn (B)	7.111 atkvæði
Viðreisn (C)	1.845 atkvæði
Sjálfstæðisflokkurinn (D)	7.296 atkvæði

Flokkur fólksins (F)	3.837 atkvæði
Sósíalistaflokkur Íslands (S)	1.094 atkvæði
Miðflokkurinn (M)	2.207 atkvæði
Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn (O)	193 atkvæði
Píratar (P)	1.660 atkvæði
Samfylkingin (S)	2.270 atkvæði
Vinstri græn (V)	2.200 atkvæði

*Kl. 07:20 Dagskrá er tæmd og fundi er frestað. Fundi skal fram haldið kl. 13:00
sunnudaginn 26. september 2021. Yfirkjörstjórn yfirgefur talningarstað. Talningarsalur er
læstur og innsiglaður.*

Þannig fram farið,

Unnar Steinn Bjarndal, ritari yfirkjörstjórnar

Kl. 13:06 er fundi fram haldið í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Mætt voru:

Pórir Haraldsson, formaður,
Sigrún G. Bates, varaformaður,
Unnar Steinn Bjarndal, ritari,
Sigrún Þórarinsdóttir,
Jónas Höskuldsson, og
Jóhanna Njálsdóttir.

Þá voru á staðinn mættir starfsmenn yfirkjörstjórnar sem munu aðstoða við frágang og uppgjör vegna alþingiskosninga 25. september sl.

Þvínæst var gengið til dagskrár.

3. Niðurstaða talningar í Suðurkjördæmi

Formaður sagði frá því að hann hafi átt samskipti við lögfræðinga og annað kunnáttufólk á vegum landskjörstjórnar vegna niðurstöðu talningar í Suðurkjördæmi og mögulegrar endurtalningar.

Eftir skoðun á niðurstöðum talningar þá liggur fyrir að lítill munur er á fylgi framboðslista og ekki munar miklu til þess að hreyfing komist á þingmenn á landsvísu vegna niðurstöðu talningar í Suðurkjördæmi.

Flokkun atkvæða fer þannig fram að talningafólk flokkar atkvæði eftir merkingum. Sú merking er yfirfarin af öðrum talningarmanni. Þá fer fram talning þar sem sitt hvor talningarmaðurinn telur kjörseðla í bunka og er sú talning endurtekin. Í öllum tilfellum kvitta talningarmenn á merkingu á kjörseðlabunka. Hver flokkaður kjörseðlabunki er því yfirfarinn fjórum sinnum af að minnsta kosti tveimur talningarmönnum.

Ljóst er að umboðsmenn sem voru á talningarstað sinntu hlutverki sínu af nákvæmni. Eftir fyrstu talningu varð mikið um að umboðsmenn gengu um og fylgdust með flokkun atkvæða, talningu og frágangi kjörseðla. Umboðsmenn voru við talningarborð. Engar athugasemdir komu fram af hálfu þeirra og yfirgáfu þeir talningarstað án þess að gera athugasemdir við framkvæmd talningar.

Kl. 13:18 Voru starfsmenn yfirkjörstjórnar, verkstjórar við talningu, kallaðir inn á fund yfirkjörstjórnar.

Yfirkjörstjórn ræddi framkvæmd á flokkun, talningu og frágang við starfsmenn yfirkjörstjórnar. Í samtalinu kom fram að umboðsmenn voru duglegir að fylgjast með

flokkun atkvæða og hvorki umboðsmenn né verkstjórar fundu eitt tilfelli um að atkvæði hafi verið ranglega flokkað.

Kl. 13:50 Yfirkjörstjórn ákveður að kanna áreiðanleika talningar með því að framkvæma könnun á flokkuðum og töldum atkvæðum.

Flokkun atkvæðaseðla var þvínæst könnuð af yfirkjörstjórn og starfsmanni yfirkjörstjórnar. Yfirfarnir voru atkvæðabunkar úr öllum fjórum talningum, frá öllum framboðslistum og hvoru tveggja atkvæði greidd á kjörfundi og atkvæði greidd utan kjörfundar. Könnun á flokkun atkvæðaseðla var hætt þegar yfir 10% greiddra atkvæða höfðu verið könnuð án þess að neitt misræmi á flokkun hafi komið í ljós.

Yfirkjörstjórn telur að framkvæmd á flokkun atkvæða og talningu hafi gengið vel og enginn grunur er um að mistök hafi orðið við flokkun og við talningu sem hafi þau áhrif að niðurstaða talningar breytist. Samtöl við verkstjóra við talningu styðja þessa niðurstöðu. Þá fór fram ítarleg könnun á flokkun kjörseðla. Yfirkjörstjórn ákveður að standa að öllu leyti við fram komnar tölur.

4. Frágangur kjörgagna

Fyrir fundinum liggur að pakka og innsigla kjörskrár til geymslu. Pakka notuðum atkvæðum, flokka kjörkassa eftir svæðum og tekur lögregla að sér flutning. Ganga frá kjörkössum, lyklum og pokum ásamt gerðarbókum. Tekin eru ljósrit af gerðarbókum þar sem við á. Ónotaðir atkvæðaseðlar og ýmis önnur gögn verða send í gagnaeyðingu. Gengið verður frá borðum og stólum, tölvubúnaði og öðru sem yfirkjörstjórn hefur notað við framkvæmd alþingiskosninganna.

Kl. 15:47 Lögreglumenn frá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi mættu og tóku kjörkassa ásamt fylgigögnum. Um er að ræða alla kjörkassa og öll fylgigögn, utan kassa og gagna frá Suðurnesjum og Sveitarfélaginu Árborg. Kössunum og fylgigögnum verður komið til skila til kjörstjórna.

Kl. 16:20 Lögreglumaður frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum mætti og sótti kjörkassa og fylgigögn. Um er að ræða kassa og fylgigögn frá Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum. Kössum og fylgigögnum verður komið til skila til kjörstjórna.

Kl. 16:45 Starfsmenn frá Gagnaeyðingu komu og sóttu ílát. Notaðir og ónotaðir kjörseðlar auk kjörskráa og annarra trúnaðargagna voru sett í innsigluð ílát.

Breyttum atkvæðaseðlum er pakkað sérstaklega í innsiglaðar umbúðir til þess að unnt sé að ljúka nauðsynlegri skýrslugerð. Formaður mun koma þeim á viðeigandi stað.

Kjörskrár voru innsiglaðar og verða afhentar dómsmálaráðuneytinu.

Formanni er falið að skila inn öðrum nauðsynlegum gögnum til ráðuneytisins og eftir atvikum annarra opinberra aðila. Formanni er falið að ljúka fjárhagslegu uppgjöri við starfsfólk og verktaka og sjá til þess að annar kostnaður verði greiddur.

Yfirkjörstjórn þakkar fyrir frábæra vinnu og fórnfúst starf öllum þeim sem komu að vinnu við alþingiskosningar 25. september 2021. Starfsfólki á talningarstað, fólki í kjördeildum ásamt þeim sem sáu um flutning kjörgagna og öðru er sneri að framkvæmd kosninganna. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi fyrir hlýjar og góðar móttökur.

Formaður þakkaði yfirkjörstjórn fyrir vel unnin störf og samstarfið. Yfirkjörstjórn þakkar formanni fyrir góða verkstjórn og gott samstarf.

Fundi slitið kl. 17:30.

Þannig fram farið.

Pórir Haraldsson

Sigrún G. Bates

Unnar Steinn Bjarndal

Sigrún Þórarinsdóttir

Jónas Höskuldsson

Jóhanna Njálsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

Unnar Steinn Bjarndal, ritari Yfirkjörstjórnar